

Skólanámskrá  
Leikskóla Snæfellsbæjar  
2025-2026



Virðing - Vinátta - Gleði

### **3. útgáfa veturinn 2025-2026**

**Útgefandi:** Leikskóli Snæfellsbæjar

Krílakot v/Brúarholt 9, s: 4336925

Kríuból v/Naustabúð 17, s:4336926

**Heimasíða:** <http://lsnb.leikskolinn.is>

**Ábyrgðarmaður:** Hermína K. Lárusdóttir, leikskólastjóri

## Efnisyfirlit

<b>Saga leikskólans</b> .....	5
<b>Starfsemi leikskóla</b> .....	5
Meginmarkmið uppeldis og kennslu: .....	5
<b>Stefna og áherslur</b> .....	6
Gildi leikskólans .....	6
Leikurinn.....	6
Hlutverk kennarans.....	7
Leikur að læra .....	7
Heilsueflandi leikskóli .....	7
Vináttuverkefni .....	8
Eiturefnalaus leikskóli .....	8
<b>Sambætt leikskólastarf</b> .....	8
<b>Grunnpættir menntunar</b> .....	9
<b>Námssvið leikskólans</b> .....	9
Læsi og samskipti .....	9
Heilbrigði og vellíðan.....	11
Sjálfbærni og vísindi.....	11
Sköpun og menning .....	12
<b>Samskipti</b> .....	12
<b>Samstarf leik- og grunnskóla</b> .....	13
<b>Foreldrasamstarf</b> .....	13
App leikskólans .....	13
Foreldrafélag .....	14
Foreldraráð .....	14
Foreldrasamtöl.....	14
Foreldrafundir .....	14
<b>Stoðþjónusta</b> .....	14
Sambætt þjónusta í þágu farsældar barna .....	15
<b>Mat á námi og velferð barna</b> .....	15
<b>Mat á leikskólastarfinu</b> .....	16
Innra mat .....	17

Ytra mat .....	17
<b>Stefnur og áætlanir .....</b>	<b>17</b>
<b>Lokaorð .....</b>	<b>17</b>

## Saga leikskólans

Skólaárið 2014 -2015 var tekin ákvörðun um að sameina leikskólana í Snæfellsbæ, Krílakot í Ólafsvík og Kríuból á Hellissandi sem saman urðu að Leikskóla Snæfellsbæjar. Krílakot og Kríuból eru því í dag tvær starfsstöðvar reknar sem einn leikskóli. Leikskóli Snæfellsbæjar er 5 deilda skóli og eru börnin á aldrinum 1 árs - 6 ára. Á Kríubóli eru tvær deildir og á Krílakoti þrjár deildir.

## Starfsemi leikskóla

Leikskólinn starfar samkvæmt [lögum](#) um leikskóla nr.90/2008, [aðalnámskrá](#) leikskóla, menntastefnu Snæfellsbæjar (í endurskoðun) og öðrum þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfsemi leikskólans. Aðalnámskrá leikskóla er ætlað að vísa ólíkum hagsmunaaðilum í skólasamfélaginu veginn hvað varðar stefnu og hugmyndafræði leikskólastarfs. Hún er leiðbeining fyrir sveitarfélög við mótun stefnu um skólahald, er leikskólastjórnendum og kennurum sveigjanlegur rammi til að ákveða leiðir að markmiðum í leikskólastarfi, er sáttmáli í þágu barna sem byggist á heildstæðri sýn á barnið með hagsmuni þess og velferð að leiðarljósi og þjónar foreldrum m.a. sem upplýsingarit um viðmið og kröfur í menntun og uppeldi barna. Leikskólar geta farið fjölbreyttar leiðir að sama marki með hliðsjón af hugmyndafræði leikskólans og aðstæðum á hverjum stað. Hver leikskóli mótar sínar starfsaðferðir og setur þær fram í skólanámskrá og starfsáætlun leikskólans (aðalnámskrá 2011).Starfsáætlun skólans er uppfærð fyrir hvert skólaár og mat gert á henni í lok þess. Gildandi starfsáætlun má lesa á [heimasíðu](#).

### Meginmarkmið uppeldis og kennslu:

- Að fylgjast með og efla (farsæld og) alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra.
- Að veita skipulagða málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.
- Að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar.
- Að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra.
- Að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.
- Að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

## Stefna og áherslur

Í leikskólanum er lögð áhersla á að velferð og hagur barna sé höfð að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun og búa að þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði.

### Gildi leikskólans

Í leikskólanum okkar leggjum við áherslu á að skapa öruggt og hlýlegt umhverfi þar sem öll börn fá að njóta sín, þroskast og læra í leik. Stefna okkar byggir á einkunnarorðum leikskólans *virðing, vinátta og gleði*, sem endurspeglast í daglegu starfi:

- **Virðing:** Við berum virðingu fyrir hverju barni, fjölskyldu og samstarfsfólki. Við hlustum, tökum tillit og leggjum okkur fram við að efla sjálfsmynd og sjálfstæði hvers barns.
- **Vinátta:** Við styðjum börnin í að mynda jákvæð og traust tengsl hvert við annað. Með samvinnu, umhyggju og jákvæðri samskiptatækni lærum við að leysa ágreining og efla félagsfærni.
- **Gleði:** Við leggjum áherslu á gleðina í leik og námi. Með hvetjandi og fjölbreyttu umhverfi vekjum við forvitni, sköpun og gleði barna í daglegum verkefnum.

Markmið okkar er að börn, foreldrar og starfsfólk upplifi leikskólann sem stað þar sem hlýja, öryggi og jákvæðni ríkir.

### Leikurinn

[Leikurinn](#) er órjúfanlegur þáttur í lífi barna og þungamiðja leikskólastarfs. Leikurinn fléttast inn í allt daglegt líf og áhersla er lögð á vandaðan efnivið sem eflir ímyndun, færni og sköpunarmátt. Leikinn er að finna í allri sinni fjölbreyttu mynd þegar kemur að námi barna. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er eðlilegt tjáningarform þeirra. Börn læra nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit til hvers annars. Þau læra ákveðnar samskiptareglur og að virða rétt annarra til jafns við sinn eigin rétt. Út frá leiknum sprettur síðan ný þekking, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Leikurinn er vettvangur fjölbreytts náms þar sem grunnþættir menntunar og þeirra áherslur samtinnast í gegnum leik ferlið.

Í leikskóla Snæfellsbæjar leggjum við meðal annars áherslu á eftirfarandi í leikjum:

- Börnin læra í gegnum leik, í leiknum vinna börn úr reynslu sinni, prófa hlutverk, þróa hugmyndir, efla samskipti og þjálfra félagsfærni.
- Við nýtum okkur mismunandi efnivið eftir árstíðum.
- Við styðjum við og eflum jákvæð samskipti í leik.

## Hlutverk kennarans

Mikilvægt er að starfsfólk skapi góðan anda á deildinni. Þar á að ríkja öryggi og festa ásamt eðlilegu frjálsræði. Starfsfólk á að sjá um að börnin njóti þeirrar ástúðar og líkamlegrar og andlegrar umönnunar sem börn á unga aldri þurfa á að halda. Þar á að ríkja öryggi, festa og tækifæri á að reyna á eigin hugmyndir og frumkvæði.

Starfsfólk á að örva börnin til leikja og jákvæðra samskipta og hjálpa þeim að vinna saman, sýna tillitssemi og virða rétt annara. Jákvæð afstaða starfsfólks til barnanna, umburðarlyndi, tillitssemi og réttsýni er börnunum haldgóð félagsleg og siðferðisleg fyrirmynd. Höfum það að leiðarljósi. Nánar um leikinn og hlutverk [má lesa í handbók](#).

## Leikur að læra

Leikskóli Snæfellsbæjar er *Leikur að læra* leikskóli sem er kennslufræðileg nálgun þar sem leikurinn er í forgrunni náms og þroska barna.

Aðferðin byggir á leik, virkni, gleði og samvinnu þar sem börnin læra í gegnum eigin reynslu og athuganir.

Í *Leikur að læra* er lögð áhersla á:

- Að börnin séu **virkir þátttakendur** í eigin námi.
- Að kennarar **leiði með leik** og skapi örvandi námsumhverfi.
- Að þjálfar **hugræna, félagslega og tilfinningalega færni** í gegnum leik.
- Að styðja við **forvitni, sjálfstæði og sköpunargleði** barna.

Aðferðin tengir saman leik og málþroska, hreyfingu, læsi, vísindi, listir og daglegt líf á heildrænan hátt. Með því að vinna út frá kennsluháttum *Leikur að læra* tryggjum við að leikurinn sé bæði námsleið og gleðigjafi — þannig læra börn best.

## Heilsueflandi leikskóli

Í leikskóla Snæfellsbæjar er lögð áhersla á að auka gleði og vellíðan barna, foreldra og starfsfólks dags daglega. Allir eiga að læra að virða heilsu sína og annarra sem stuðlar að gleði og vellíðan allra í skólasamfélaginu. Mikilvægt er að venja börn strax við heilbrigða lífshætti sem koma til með að verða hluti af lífsstíl þeirra í framtíðinni. Foreldrar og kennarar eru fyrirmyndir barnanna og er því mikilvægt að þeir tileinki sér heilbrigða lífshætti. Matseðillinn er settur saman með tilliti til næringarþarfa leikskólabarna yfir daginn. Við leggjum metnað í að elda allan mat frá grunni. Notuð eru fersk og góð hráefni og boðið upp á fjölbreyttar, heilsusamlegar máltíðir sem stuðla að vellíðan og orku barna yfir daginn. Það er mikilvægt að hinn fullorðni sé jákvæður gagnvart öllum mat því þá verða börnin jákvæð og vilja smakka matinn. Heilsueflandi

leikskóli leggur áherslu á átta lykilþætti sem tengjast skólalastarfinu. Þeir eru hreyfing, geðrækt, öryggi, tannheilsa, mataræði, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk. Unnið er markvisst með alla þessa þætti þar sem þeir fléttast í gegnum allt starf innan leikskólans.

## Vináttuverkefni

Leikskóli Snæfellsbæjar tekur þátt í *Vináttuverkefni* Barnaheilla sem miðar að því að efla vináttu, virðingu og umhyggju meðal barna. Verkefnið byggir á fræðslu og leikjum sem kenna börnum jákvæð samskipti, hjálpssemi og samkennd með hjálp vináttubangsans Blæs. Vináttubangsinn Blær er táknmynd vináttunnar og í gegnum samtöl, sögur og leiki læra börnin að greina tilfinningar sínar, setja orð á þær og sýna öðrum umhyggju.

Vinátta, virðing og gleði eru leiðarljós í daglegu starfi leikskólans. Vináttuverkefnið styður við grunnþætti menntunar og félagsfærni barna.

## Eiturefnalaus leikskóli

Leikskóli Snæfellsbæjar er í þeirri vegferð að verða eiturefnalaus leikskóli og lögð er áhersla á að vanda til verka og velja vel þegar kemur að matvöru, áhöldum, leikefni, hreinsiefnum eða öðru sem gæti innihaldið eiturefni. Leikefni innan leikskólans er vandlega valið út frá reglum og öryggiskröfum varðandi eiturefni í plastleikföngum. Öll plastleikföng skulu vera CE merkt, einnig er áhersla lögð á að starfsfólk ásamt börnum þekki plastmerkingar og geti forðast plastefni við ef merkingar eru ekki í lagi.

- Öll leikföng skulu vera CE merkt.
- Ef plastlykt er sterk er það vísbending um að plastið er ekki í lagi það sama á við ef að plastið er klístrað eða fitugt.
- Miðum við að leikföng hafi verið framleidd í Evrópu.
- Við viljum að plast sé helst ekki mýkra en lego kubbur, hart plast inniheldur oftast minna af skaðlegum efnum.

Gömul raftæki, gamlir skartgripir og lykklar geta innihaldið skaðleg efni og ekki leyfileg innan leikskólans.

## Sambætt leikskólastarf

[Grunnþættir menntunar](#) eru sameiginleg leiðarljós í menntun og uppeldi í leikskólum og fléttast inn í allt leikskólalastarfið í gegnum námssviðin (læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning) og mynda þannig heildstætt og sambætt leikskólalastarf sem birtist í áætlunum leikskólans. Starfsfólk rýnir reglulega í þær aðferðir og verkefni sem notuð eru og uppfærir. [Deildarhandbækur](#)

# Grunnpættir menntunar

Allt leikskólastarfið er skipulagt út frá grunnþáttum menntunar sem eru leiðarljósín. Reglulega eru aðferðir og verklag leikskólans endurskoðað með grunnþættina í huga. Hér að neðan er dæmi hvernig grunnþættir menntunar birtast m.a. í leikskólastarfinu:



Grunnpættir menntunar fléttast í gegnum daglegt starf leikskólans og mótar umhverfi þar sem börn fá tækifæri til að þroskast á eigin forsendum. Þeir styðja við að börn þrói með sér hæfni til að taka virkan þátt í samfélagi sínu, hafa áhrif á umhverfi sitt og stuðla að sjálfbærri þróun en einnig eru þeir grunnur alls skipulags og forsenda gæðastarfs.

## Námssvið leikskólans

Námssviðin fjögur: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning styðja við framkvæmd grunnþáttanna í daglegu starfi. Í gegnum fjölbreyttar athafnir fá börn að spyrja spurninga, leita lausna, tjá sig með ólíkum hætti og taka þátt í samræðum þar sem þau hlusta, miðla og skilja. Þannig þróa þau hæfni sína til gagnrýnninnar hugsunar, sköpunar og lýðræðislegrar þátttöku. Með því að samþætta námssviðin og grunnþætti menntunar er stuðlað að heildrænni menntun þar sem barnið fær tækifæri til að vaxa, læra og hafa áhrif út frá eigin forsendum, í virku og fjölbreyttu samfélagi leikskólans.

### Læsi og samskipti

Læsi er grunnur að allri menntun og hefur djúpstæð áhrif á þroska og lífsgæði einstaklinga, hann er einn mikilvægasti grunnþáttur menntunar og hefst miklu fyrr en margir gera sér grein fyrir. Í leikskólum byrjar þessi vegferð með því að skapa örvandi umhverfi þar sem börn kynnast bókmenntum, tali, hljóðum og ritmáli á náttúrulegan og leikandi hátt. Læsi á leikskólastigi snýst ekki eingöngu um að læra að lesa og skrifa, heldur fyrst og fremst að vekja áhuga á tungumáli, efla málskilning og tjáningarhæfni. Í gegnum sögulestur, leikræna tjáningu, rím og orðaleiki þróa börn með sér orðaforða,

hlustunarskilning og forsendur fyrir frekari námsárangri. Með því að leggja áherslu á læsi frá unga aldri er lagður traustur grunnur að framtíðarnámi barna og þátttöku þeirra í samfélaginu.

Gæðamálörvun í daglegu starfi er mikilvægur liður í leikskóla Snæfellsbæjar á öllum aldurstigum þar sem að börnin eru oft á misjöfnum stað í íslensku námi sínu. Í leik barna skapast ótal tækifæri til samskipta bæði á milli barnanna sjálfra og milli barna og kennara. Hlutverk kennara/leiðbeinanda er að vera til staðar í leik barna til aðstoðar ef þarf en einnig til að efla leikinn með hugmyndum, gagnvirkum samræðum og leikefni sem eflir mál og læsi. Með því að eiga samræður í leik fer fram mikið nám í læsi og samskiptum þar sem börnin þjálfast í því að setja orð á eigin upplifanir og hluti. Markmiðið með læsi og samskiptum í leikskóla Snæfellsbæjar er að gefa börnum tækifæri til að þroska mál sitt og æfa þau í að tjá sig og tilfinningar sínar.

*Þær leiðir sem eru farnar til að vinna með læsi og samskipti eru:*

- Kennarar og starfsfólk hafa það hlutverk að setja orð á alla hluti og athafnir barnanna því það getur aukið skilning þeirra á líkamstjáningu hvers annars, verið liður í að auka orðaforða þeirra og þróa tungumálið í leik.
- Kennarar og starfsfólk er alltaf til staðar og vakandi fyrir leik barna til þess að geta aðstoðað ef þörf en einnig til þess að sjá og ígrunda samskipti barnanna.
- Bækur eru aðgengilegar börnum á öllum aldurstigum og áhersla er lögð á að lesið sé fyrir börnin á hverjum degi bæði í stórum og minni hópum.
- Leikskólinn býður börnum og foreldrum bækur að láni heim sem hvatningu til lesturs og ánægjulegrar samverustundar foreldra og barna.
- Söngur og tónlist skipta miklu máli í málörvunar starfi. Lögð er áhersla á að það séu söngstundir á deildum.
- Endurtekning er afar mikilvæg öllum sem eru að læra nýja hæfni og orð.
- Merkingarbært umhverfi, að myndrænt dagskipulag sé sýnilegt og auðveldi aðgengi og skilning á því hvað er í boði hverju sinni og hvað er framundan í daglegu starfi.
- Unnið er með *Lubbi finnur málbein* á öllum deildum í leikskóla Snæfellsbæ og er það aðlagð að getu og aldri hvers hóps. Reglulegar Lubbastundir eru ásamt því að námsefnið á að vera sýnilegt börnum í daglegu starfi.
- Hafa ritmálið sýnilegt í umhverfi barnsins sem hjálpar börnum að læra ný orð, festa þau í sessi og nota þau í leik og samræðum.

- *Gefðu 10* þar sem áhersla er lögð á að fyrirfram ákveðin samskipti eigi sér stað á milli kennara og barns með það að markmiði að efla orðaforða barna.
- *Tákn með tali* í leikskóla Snæfellsbæjar er lagt inn tákn vikunnar á öllum deildum. Tákn með tali er stuðningur við máltöku barna.

## Heilbrigði og vellíðan

Heilbrigði og vellíðan í leikskóla er mikilvægur þáttur í uppeldi og menntun ungra barna. Hugtakið nær yfir líkamlega, andlega, félagslega og tilfinningalega vellíðan barnanna.

*Þær leiðir sem eru farnar til að vinna með heilbrigði og vellíðan:*

- Vettvangsferðir og gönguferðir er farnar með börnin í okkar nærumhverfi.
- Útivera að lágmarki einu sinni á dag.
- *Leikur að læra* er námsaðferð þar börn læra í gegnum leik.
- Fjölbreyttur efniviður er aðgengilegur börnunum til þess að æfa fínhyfingar, svo sem perlur, kubbar, púsl, litir, skæri o.s.frv.
- Í matartímum æfa öll börn sig í að ganga sjálf frá eftir matartíma og eftir því sem börnin eldast eykst sjálfsábyrgð þeirra með því að þau skammta sér sjálf á disk.
- Í Leikskóla Snæfellsbæjar eru starfandi matráðar á báðum starfsstöðvum og því er heimagerður og næringarríkur matur útbúinn á hverjum degi.
- Börn eru hvött til sjálfshjálpar. Með leiðsögn eru þau hvött til að klæða sig sjálf í og úr útifötum og þannig gefast einnig tækifæri til að þjálfa fín- og grófhreyfingar um leið sem þau eflast í trú á eigin getu og styrk.
- Góður svefn og hvíld.
- Í Leikskóla Snæfellsbæjar nýtum við okkur námsefni *Vináttuverkefni* Barnaheilla til að ýta undir jákvæð félagsleg samskipti.

Í leikskólastarfinu nýtum við einnig aðferðir hugarfrelsis sem byggja á aðferðafræði jákvæðrar sálfræði og núvitundar.

## Sjálfbærni og vísindi

Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á að börn fái tækifæri til að kynnast náttúrunni og umhverfi sínu á virkan og leikandi hátt. Sjálfbærni og vísindi eru fléttuð inn í daglegt starf þar sem börn fá að rannsaka, spyrja spurninga og uppgötva heiminn í kringum sig. Með því að skoða náttúruna í nærumhverfi leikskólans, týna rusl, flokka rusl, rækta plöntur og gera einfaldar tilraunir eflist skilningur barna á orsök og afleiðingu, ábyrgð og samspili manns og náttúru. Börn læra að hugsa gagnrýnið, vinna saman og taka þátt í að skapa umhverfi sem byggir á virðingu og framtíðarsýn.

*Þær leiðir sem eru farnar til að vinna með sjálfbærni og vísindi :*

- Útivera skipar mikilvægan sess í daglegu starfi. Farið er í daglega útiveru, hvort sem það er í garðinum eða vettvangsferðir.
- Leikskólinn býður upp á fjölbreyttan efnivið fyrir börnin til að kanna og leika með.
- Við förum í gönguferðir og vettvangsferðir til að upplifa, fræðast og skoða nánasta umhverfi skólans.
- Við nýtum efnivið úr náttúrunni í sköpun.
- Opinn efniviður er aðgengilegur og börnin stýra hvernig þau vilja nálgast viðfangsefni sín, s.s. að flokka kubba eftir stærð eða lit frekar en að byggja með þeim.
- Hringrás náttúrunnar er skoðuð á margvíslegan hátt, svo sem að gróðursetja fræ og sjá þau vaxa, tilraunir með snjó og ís o.s.frv.
- Elstu börn leikskólans taka þátt í verkefninu *Jól í skókassa*.

## Sköpun og menning

Sköpun og menning eru órjúfanlegur hluti af leikskólastarfi og styðja við heilðrænan þroska barna. Í gegnum leik, listir, tjáningu og samvinnu fá börn tækifæri til að þróa eigin hugmyndir, prófa sig áfram og miðla tilfinningum og reynslu. Áhersla er á sköpunarferlið en ekki sjálfa niðurstöðuna. Börnin læra að rannsaka, uppgötva og finna lausnir á skapandi hátt.

*Þær leiðir sem eru farnar til að vinna með sköpun og menningu:*

- Fjölbreytt tækifæri eru veitt til sköpunar í gegnum ýmis tjáningarform, söng, leik, tjáningu og myndsköpun.
- Börnin hafa aðgengi að fjölbreyttum og opnum efnivið í sköpun sinni.
- Áhersla er á að búa til aðstæður og efnivið sem ýta undir og efla skapandi hugsun.
- Samvinnuverkefni við Þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi.
- Heimsóknir á bókasafn Snæfellsbæjar.
- Verk barnanna sýnileg bæði innan veggja leikskólans og utan hans.

## Samskipti

Þátttaka og samskipti skólans innan nærsamfélagsins leggur grunn að samfélagsvitund barna og býr þau undir þátttöku í samfélaginu með það að leiðarljósi:

- Að þau kynnist því sem þar fer fram og öðlist skilning á umhverfi sínu og samfélagslegum tengslum.
- Að nýta nærsamfélagið sem lærdómsumhverfi.
- Að þau læri með því að kanna, skoða og taka þátt í því sem að nær samfélagið hefur uppá að bjóða: Bókasafn, náttúra, íþróttamannvirki, fyrirtæki/stofnanir og menningarviðburðir.

## Samstarf leik- og grunnskóla

Samstarf er á milli leik- og grunnskóla Snæfellsbæjar með það að markmiði að brúa bilið á milli skólastiga. Samvinna við grunnskólann er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu og það auðveldar börnunum að flytjast á milli og aðlagast nýju skólastigi. Elstu börnin fara í reglulegar heimsóknir yfir skólaárið. Samstarf leik- og grunnskóla hefur það markmið að tryggja börnum jákvæða og örugga samfellu á milli skólastiga. Með sameiginlegri sýn á nám og kennslu er stuðlað að því að barnið upplifi öryggi, vellíðan og jöfn tækifæri til náms þegar grunnskólaganga þeirra hefst.

## Foreldrasamstarf

Mikilvægt er að náíð samstarf og gott traust skapist milli heimilis og leikskóla. Leiðarljós foreldra samstarfsins er jákvæðni, trúnaður og traust.

Markmið og áherslurnar okkar eru:

- Að hafa velferð barnsins að leiðarljósi.
- Að upplýsingaflæðið milli heimilis og skóla sé í góðum farvegi.
- Að skapa traust milli foreldra og starfsfólks.
- Að foreldrar fái að fylgjast með starfi leikskólans.

Leikskólinn heldur úti [heimasíðu](#) þar sem upplýsingar um skólann er að finna. Einnig er sameiginleg [Facebook](#) síða fyrir leikskóla Snæfellsbæjar.

## App leikskólans

Karellen-appið er stafrænt samskiptatól sem tengir foreldra og leikskóla á einfaldan og öruggan hátt. Foreldrar geta fylgst með daglegu lífi barna sinna í leikskólanum, fengið mikilvægar tilkynningar, skoðað matar- og dagskrárseðla og skoðað myndir og skráningar frá kennurum. Appið gerir einnig ráð fyrir skráningu forfalla, viðveru og öðrum

hagnýtum upplýsingum. Karellen stuðlar að betra upplýsingaflæði, meiri gagnsæi og nánara samstarfi milli heimilis og leikskóla.



## Foreldrafélag

Markmið foreldrafélagsins er að tryggja sem best velferð þeirra barna sem dvelja í leikskólanum. Í stjórn foreldrafélagsins eru sex kjörnir fulltrúar foreldra, sömu foreldrar sitja einnig í foreldraráði. Allir foreldrar verða sjálfkrafa meðlimir í félaginu um leið og barn þeirra byrjar í leikskólanum. Aðalfundur foreldrafélagsins er í september ár hvert.

## Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, skal kosið í foreldraráð í september á hverju ári. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndir, sbr. 2.mgr. 4gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varðar starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Í starfsáætlun hvers skólaárs má sjá hverjir eru í foreldrafélaginu og foreldraráði á skólaárinu.

## Foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl eru tvisvar yfir skólaárið í október og í mars. Þá hittast foreldrar og hópstjóri barnsins í formlegu samtali um líðan barnsins í leikskólanum. Báðir aðilar geta einnig óskað eftir slíku samtali hvenær sem er ef þurfa þykir. Erlendir foreldrar geta óskað eftir túlk ef þeir telja þörf á.

## Foreldrafundir

Á hverju hausti eru haldnir foreldrafundir á hverri deild fyrir sig. Þar sem farið er yfir áherslur vetrarins og starfið kynnt.

**Foreldrar eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir verða vitni að á leikskólanum sem við kemur öðrum börnum en þeirra eigin.**

## Stoðþjónusta

Aðstoðar- og sérkennslustjóri starfsstöðvar sinnir öllum þeim tilvikum sem tengjast sérkennslunni. Ráðgjöf til deilda og foreldra, samskipti við sérfræðinga og fundi er

varða þjálfun barna. Einnig sinna þeir einstaklingsþjálfun barna með tal- og málþroskafrávik. Talmeinafræðingur kemur á sitthvora starfsstöðina einu sinni í mánuði og leggur fyrir mál- og eða framburðarmat. Fjórum sinnum á önn kemur sálfræðingur ef þörf er á, hann sinnir frumgreiningum og ráðgjöf ef óskað er eftir.

## Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna

Unnið er samkvæmt lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Markmiðið er að tryggja að börn og forsjáraðilar fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum. Fjölskyldum og börnum sem þurfa snemmtækan stuðning er tryggður aðgangur að tengilið farsældar í nærumhverfi barnsins, svo sem í leikskóla eða grunnskóla. Tengiliður farsældar veitir upplýsingar og leiðbeiningar um þjónustu og stuðlar að því að börn og forsjáraðilar hafi aðgang að þjónustu án hindrana. Til að óska eftir samþættri þjónustu geta börn, ungmenni og forsjáraðilar haft samband við tengilið farsældar sem staðsettur er í leikskólanum. Nánari upplýsingar um lögin og þjónustuna eru á heimasíðunni [Farsæld barna](#), en einnig eru upplýsingar um tengilið leikskólans og fleira á [heimasíðu](#) leikskólans.

## Mat á námi og velferð barna

Markmið mats er að auka þekkingu og skilning allra sem koma að leikskólastarfinu – leikskólakennara, annars starfsfólks, foreldra og barna – á þroska, færni, námi og líðan barna. Upplýsingar matsins eru notaðar til að styðja við nám og vellíðan barna, við skipulagningu leikskólastarfsins í samstarfi við börn og foreldra. Matið á einnig að tryggja að jafnræði og réttindi barna séu virt. Matið á að byggjast á þátttöku og samvinnu við alla aðila, þar með talið börnin sjálf í samræmi við aldur og þroska sem setja sér markmið og leggja til leiðir. Matið á einnig að tryggja að starfsemin sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá leikskóla og að réttindi barna séu virt (aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Í leikskólunum er mat á námi og líðan ávallt bæði einstaklingsmiðað þar sem metnir eru styrkleikar og færni hvers barns en einnig er hópamat þar sem barnahópurinn hverju sinni, stórir sem smáir, eru metnir út frá fjölbreytileika og styrkleikum með það að markmiði að styrkja hópa sem heild þar sem öll börn fá að njóta færni sinnar og unnið með með andlega og líkamlega vellíðan og færni í daglegum athöfnum. Í samræmi við breytingar á aðalnámskrá 2023 er sérstaklega lögð áhersla á:

- Skráningu á leik barna, með virkum hætti.
- Greiningu á stöðu, þátttöku og líðan í leik.
- Að leikskólakennari sé leiðandi í að styðja sjálfsprottinn leik og virkja öll börn.

- Matsferlið á að vera skráð, ígrundað og tengt við skipulag og næstu skref í námi barnsins.

Þetta tryggir að [leikurinn](#) sé metinn sem raunveruleg námsleið, og að sjónarmið, hæfni og áhugi barnsins ráði för í leik og námi.

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Þegar fylgst er með þroska, námi og velferð barna er lögð áhersla á:

- Alhliða þroska
- Sjálfstæði
- Áhugasvið
- Þátttöku í leik úti og inni
- Félagshæfni og samkennd
- Frumkvæði og sköpunarkraft
- Tjáningu og samskipti

Nánar um skimanir og matstæki hvers skólaárs má skoða í [starfsáætlun](#).

## Mat á leikskólstarfinu

Samkvæmt lögum ber leikskóla að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti, samskipti innan leikskólans og tengsl við aðila utan hans. Mat á skólstarfi er til að tryggja réttindi leikskólabarna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Matið er tvíþætt, annars vegar mat sem skólarnir framkvæma sjálfir og nefnist **innra mat**. Hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningamála eða annarra aðila og er nefnt **ytra mat**.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt lögum um leikskóla að:

- veita upplýsingar um skólstarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra,

- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla,
- auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

## Innra mat

Innra mat skólans er markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta leikskólastarfsins. Í leikskólanum er starfandi gæðaráð sem hefur umsjón með innra mati og starfar samkvæmt matsáætlunum til lengri og skemmri tíma. Samantekt á mati skólaársins er tekið saman í lok skólaárs í skýrslu innra mats með umbótaáætlun. Gegnum innra mat vinnur skólinn markvisst að því að auka gæði leikskólastarfsins og meta sig gagnvart gæðaviðmiðum sem byggja á stefnumótun ríkisins, sveitarfélagsins og skólans sjálfs. Leikskólinn notar starfsdaga, starfsmannafundi sem og deildarstjórafundi til að fara yfir starfið, meta, endurmeta og skipuleggja á umbótamiðaðan hátt.

## Ytra mat

Fræðslunefnd Snæfellsbæjar fer með umboð bæjarstjórnar í skólamálum Snæfellsbæjar. Nefndin er kosin af bæjarstjórn. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri með fulltrúa starfsmanna sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Einn fulltrúi foreldra hefur jafnframt rétt á setu á fundum nefndarinnar. Fræðslunefndin er ábyrgðaraðili að starfsemi leikskóla og fylgist með rekstri, faglegu starfi og öðrum þáttum leikskólastarfsins með fundum og skýrslum. Fræðslunefnd mótar stefnu bæjarins í skólamálum sem er í endurskoðun vorið 2026. Ytra mat er unnið að utanaðkomandi aðilum á vegum menntamálaráðuneytisins eða annarra sem fræðslunefnd leitar til. Við ytra mat má styðjast við margs konar upplýsingar. Ytra mat á leikskóla Snæfellsbæjar var gert vorið 2016 og er matið á heimasíðu leikskólans.

## Stefnur og áætlanir

Á [heimasíðu](#) skólans eru stefnur og áætlanir birtar. Aðrar stefnur eru í vinnslu og verða þær settar jafnóðum inn á heimasíðuna. Þá er starfsáætlun hvers skólaárs að finna á heimasíðu skólans.

## Lokaorð

Með þessari útgáfu af skólanámskrá leikskóla Snæfellsbæjar hefur verið tekin saman lýsing á markmiðum og starfsháttum leikskólans. Skólanámskráin á að gera starfið

sýnilegt og veita yfirsýn yfir allar forsendur í starfi leikskólans. Foreldrar eiga auðveldara með að vita hvað starfið gengur út á og hvernig það er unnið. Við vonum að með lestri á skólanámskránni fái foreldrar svör við því hvað barnið þeirra er að gera í leikskólanum. Námskráin veitir starfsmönnum betri heildarsýn yfir uppeldisstarfið og auðveldar nýliðum að vita hvað leikskólastarfið gengur út á.

Hermína K. Lárusdóttir

Leikskólastjóri leikskóla Snæfellsbæjar.